

Fréttabréf Heiðarskóla

Apríl 2017

Ábm. Bryndís Jóna Magnúsdóttir



Flakkað um tímann á árshátíðum 2017

Árshátíðirnar okkar þrjár fóru fram á sal skólans föstudaginn 17. mars. Yfirskrift þeirra var TÍMAVELIN og gerðu átta nemendur í 5. og 6. bekk sér lítið fyrir og hönnuðu tímavél sem setti flottan svip á sviðið. Nemendur flökkðu svo um tímann í atriðum sínum sem voru í anda ákveðins áratugs.

Sannkölluð söngveisla var á árshátíð yngsta stigs. Fjölmennur hópur nemenda í 1. bekk þreytti frumraun sína í sviðsframkomu á árshátíð og stóðust þeir svo sannarlega prófið. Þeir sungu þrjú íslensk dægurlög frá árunum 2010 til dagsins í dag. Paulæfðir nemendur í 2. bekk sýndu gestum því næst hvað þeir hafa lært í forskólanum hjá Sigrúnu Gróu í blokkflautuleik og svo sungu þeir af mikilli snilli Eniga meniga og Lagið um það sem er bannað frá árunum 1970-1980. Því næst stigu krakkarnir úr 3. bekk á svið en þeir sungu þekkt barnalög sem Ómar Ragnarsson söng af snilli á 7. áratugnum. 4. bekkur steig síðastur á stokk og boðaði frið að hætti Johns nokkurs Lennons með friðarmerki um hálsinn. Kynnar hátíðarinnar voru þær Hrönn Herborg Benonýsdóttir og Sólrún Lilja Bragadóttir.

Á miðstigi mættu þrautreyndir sviðslistamenn til leiks. Fimmti bekkur reið á vaðið með skemmtilegt atriði úr gömlu íslensku baðstofunni. Krakkarnir í 6. bekk ferðuðust aftur í tímann og til Englands þar sem Oliver Twist bað um meiri mat og endaði svo í fóstri hjá heldri manni. Síðastur á svið var fjölmennur árgangur 7. bekkina en þeir skautuðu yfir 9. áratuginn með nokkrum vel völdum popp- og rokksmellum. Hugmyndina og handritið átti Logi Þór Ágústsson en hann var kynnir ásamt Alexander Aroni Smára-syni.

Söngleikurinn Vertu þú sjálfur var frumsýndur á árshátíð unglíngastigs. Er hann byggður á kvikmyndinni *Can't Buy Me Love*. María Óladóttir annaðist handritsgerðina en hún leikstýrði einnig verkinu ásamt Guðnýju Kristjánsdóttur. Samvinna þeirra tveggja í verkefni sem þessu á sér orðið langa sögu í okkar ágæta skóla. Frumsýningin heppnaðist prýðisvel og eiga leikarar og aðrir þátttakendur í þessu frábæra verkefni mikið hrós skilið. Hæfileikar nemenda leyndu sé ekki og boðskapur söngleiksins var sérstaklega góður.

Foreldrum og öðrum gestum færum við okkar bestu þakkir fyrir frábæra mætingu. Á yngsta og miðstigi var gestum boðið upp á kaffi og kleinur en á unglíngastigi var haldið í hefðina og riggað upp kaffihlaðborði með veitingum sem nemendur höfðu með að heiman. Foreldrum unglínganna okkar þökkum við fyrir veitingarnar. Þakkið fær einnig allt starfsfólk skólans en á dögum sem þessum leggjast allir á eitt við að láta allt ganga sem best fyrir sig.





Nemendur í 10. bekk á Skólapingi

Nemendur í 10. bekk tóku þátt í Skólapingi þriðjudaginn 14. febrúar. Skólaping fer fram í húsnæði gegnt Alþingishúsinu við Austurvöll en þar er búið að setja upp lítið Alþingishús. Skólaping er hlutverkaleikur þar sem nemendur fá það hlutverk að vera alþingismenn. Allir fengu nafn og stjórnmálaflokk til að vera í. Þingflokkarnir hittust í þingflokksherbergjum þar sem þeir fengu verkefni til að vinna úr. Flokkarnir voru fjórir: Hagsældarflokkurinn, Landsframboðið, Jafningjabandalagið og Þjóðflokkurinn. Hagsældarflokkurinn og Landsframboðið mynduðu ríkisstjórn Skólapingis, hinir tveir flokkarnir voru í stjórnarandstöðu. Þegar þingflokkarnir höfðu komist að samkomulagi var farið í þingsal þar sem formenn flokkanna kynntu mál sín og aðrir þingmenn fengu tækifæri til að koma fram með sínar skoðanir. Næst var farið á nefndarfundir þar sem málin voru rædd áfram. Þingmennirnir þurftu að berjast fyrir skoðunum síns flokks og miðla málum í nefndunum.


Nefndirnar voru þrjár, allsherjarnefnd, menntamálanefnd og umhverfisnefnd. Að lokum var farið aftur í þingsalinn og greidd atkvæði um þingmálin. Nemendur höfðu gagn og gaman af þessum hlutverkaleik og hafa náð betri skilningi á starfsemi Alþingis. Nemendur fengu einnig tækifæri til að skoða og kynna starfsemi í Alþingishúsinu og næsta nágreppi þess. Ferðin var hluti af námi nemenda í samfélagsfræði þar sem þeir læra meðal annars um stjórnmál landsins.



Dagur stærðfræðinnar: 12.007 bækur á bókasafninu

Föstudagurinn 3. febrúar var dagur stærðfræðinnar. Í tilefni af honum voru ýmis óhefðbundin verkefni unnin í stærðfræðitímum. Á yngsta stigi unnu nemendur í aldursblönduðum hópum í skemmtilegri stærðfræðihringekju þar sem m.a. var farið í kastleiki og bingó og unnið með peninga og form. Í eldri bekkjum var unnið með stærðfræði í gegnum spil og unglingarnir leystu þar að auki þrautir sem þeir skrifuðu upp á gluggana í bláa gangi.

Sameiginleg þraut fyrir allan skólann fólst í því að giska á hve margar bækur væru til á bókasafninu. Sigurvegarnir voru tveir og komu úr sama bekknum, 10. ÍS en það voru þeir Arnar Geir og Jón Ragnar. Bækurnar eru 12.007 og giskuðu þeir báðir á að þær væru 12.000. Í verðlaun fengu þeir Rubik's Cube Twist.



Lið Heiðarskóla í 2. sæti í Gettu enn betur



Þau Svava Rún, Sigurður Skagfjörð og Bergur Daði í 10. ÍS kepptu fyrir hönd skólans í spurningakeppni grunnskóla Reykjanesbæjar, Gettu enn betur, þann 13. mars sl. Þau unnu lið Myllubakkaskóla í fyrstu atrennu og síðan lið Njarðvíkurskóla og komust þar með í úrslitaviðureignina. Þar mættu þau piltunum úr Akurskóla en þurftu að játa sig sigruð að góðri keppni lokinni. 2. sætið var því þeirra og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir að hafa tekið þátt í þessari skemmtilegu keppni fyrir hönd skólans og óskum þeim til hamingju með árangurinn.





Lið Heiðarskóla í 3. sæti í 7. riðli í Skólahreysti

Lið Heiðarskóla keppti í 7. riðli í undanúrslitum Skólahreystis fimmtudaginn 23. mars. Þau Ísak Ernir, Ástrós Elísa, Gabríel Rökkvi og Ingibjörg Birta skipuðu liðið og var Helena Jónsdóttir þjálfarinn þeirra. Þau Gabríel og Ingibjörg fóru hraðabrautina á flottum tíma eða 2,24 mínútur. Ísak gerði 31 upphígingu og 35 dýfur og Ástrós 37 armbeygjur og hékk í 3,30 mínútur. Samtals fengu þau 83 stig sem tryggðu þeim 3. sætið í þessum öfluga riðli.

Keppnin var haldin í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Stemningin í húsinu var mögnuð og spennustigið hátt, bæði meðal keppenda og á þétt setnum áhorfendapöllum. Lið Holtaskóla var sigurvegari riðilsins og óskum við grannaskólanum okkar til hamingju með árangurinn. Lokakeppnin verður haldin 27. apríl í Laugardalshöll.

Þau Ísak, Ástrós, Gabríel og Ingibjörg hafa lagt sig mjög vel fram við æfingar og undirbúning fyrir keppnina. Við í Heiðarskóla erum ákaflega stolt af þessum hraustu krökkum og kunnum þeim okkar bestu þakkir fyrir að hafa tekið þátt í þessu skemmtilega verkefni fyrir hönd skólans. Helenu og varamönnum Camillu Nótt, Jónu Kristínu og Chibuzor Daníel færur við einnig þakkar fyrir þeirra framlag.

Áfram Heiðarskóli!



Stóra upplestrarkeppnin 2017

Fimmtudaginn 23. febrúar, voru þau Hjördís Arna Jónsdóttir og Þorbergur Freyr Pálmarsson valin úr hópi 10 nemenda í 7. bekk til að vera fulltrúar Heiðarskóla í Stóru upplestrarkeppninni. Rakel Yr Þórðardóttir var jafnframt valin varamaður. Aðrir keppendur voru þau Magnús Már Garðarsson, Eyþór Trausti Óskarsson, Helgi Þór Skarphéðinsson, Tanja María Unnarsdóttir, Ásta Kamilla Sigurðardóttir, Guðný Ösp Ólafsdóttir og Klara Lind Þórarinsdóttir. Haukur Ingi Jónsson komst einnig í úrslit en var í leyfi þennan dag. Öll stóðu þau sig með stakri þrýði og reyndist dómnefndinni það verkefni að velja aðeins tvo fulltrúa afar erfitt. Dómnefndina skipuðu þau Haraldur Axel skólastjóri, Gunnar Þór Jónsson fyrrverandi skólastjóri Heiðarskóla, Gyða M. Arnmundsdóttir deildarstjóri sérfræðipjónustu fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri. Allir nemendur í 7. bekk fengu góða þjálfun í upplestri á undirbúnings-tímanum og mun sú reynsla vafalaust nýtast þeim vel.

Rakel Ýr og Þorbergur kepptu svo í úrslitum Stóru upplestrarkeppninnar í Hljómahöllinni þann 6. mars. Voru þar samankomnir tveir nemendur úr hverjum grunnskóla í Reykjanesbæ auk tveggja nemenda úr Sandgerði. Var þetta í 20. skiptið sem skólar hér í bæ taka þátt í þessu flotta verkefni. Rakel og Þorbergur stóðu sig með stakri þrýði og voru sjálfum sér, foreldrum sínum og skólanum til mikils sóma. Sæþór Elí Bjarnason úr Myllubakkaskóla sigraði þessa jöfnu og spennandi keppni.



Tvö Heiðarskólalið á boðsundsmóti grunnskólanna



Sundmót grunnskólanna var haldið fimmtudaginn 30. mars í sundlauginni í Laugardal. Á mótinu kepptu um 500 keppendur í 64 sveitum. Heiðarskóli sendi til keppni tvö lið, eitt lið í 5. - 7. bekk og annað í 8. - 10. bekk. Alls kepptu 16 nemendur fyrir hönd skólans og voru sumir að keppa á sínu fyrsta sundmóti. Nemendur voru skóla sínum til sóma bæði ofan í lauginni sem og á bakkanum.

Frábært framtak drengja í 4. bekk

Þessir ungu drengir í 4. PS, þeir Damjan, Viktor Logi og Rúnar Máni, tóku sig til og tíndu rusl á skólalóðinni í hádegisfrímínútum í lok mars. Þeim þótti ruslið á lóðinni vera orðið alltof mikið og vildu gera eitthvað í málinu. Þeir ræddu við starfsmann skólans um hvort þeir gætu ekki fengið poka og ruslatínu. Þó ekki væri til ruslatína í skólanum var lítið mál að láta þá fá poka og hanska. Það var eins og við manninn mælt, þeir brettu upp ermar og gengu vaskir til verks. Stjórnendur þökkðu þeim fyrir þetta fyrirmyndarframtak þar sem árgangurinn var samankominn við æfingar fyrir litlu upplestrarhá-tíðina og fengu þeir verðskuldað lófaklapp. Verst þótti þeim hve mikið er af tyggjóklessum á stéttunum í kringum skólann. Þarna sýndu þeir góða hæfni í lykilhæfnipáttum aðalnámskrárinnar; í skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálf-stæði, samvinnu og ábyrgð - svo fátt eitt sé nefnt!



65.000 krónur til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna

Þriðjudaginn 28. mars var sérstök styrktarsýning á söngleiknum Vertu þú sjálfur sem nemendur af unglingastigi sýndu á sal skólans í mars. Leikarahópurinn sjálfur lagði það til við leikstjórana sína að láta ágóðann af aukasýningu renna til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna. Ágóði sýningarinnar var hvorki meira né minna en 65.000 kr. og var hann afhentur fulltrúa SKB, Kristínu Njálisdóttur, strax að sýningu lokinni. Krakkarnir voru að vonum glaðir og ákaflega stoltir af þessu góða framtaki sínu. Þeir eiga sannarlega hrós skilið og skólinn er þeim og leikstjórum þeirra afar þakklátur fyrir vandaðar og skemmtilegar leiksýningar.



Flottur árangur í stærðfræðikeppni grunnskólanema



Stærðfræðikeppni grunnskólanema fór fram í Fjölbrautaskóla Suðurnesja 14. mars sl. Þátt-takendur voru 119 talsins úr öllum grunnskólum á Suðurnesjum. Ragnheiður Gunnarsdóttir stærð-fræðikennari í FS hafði umsjón með keppninni eins og undanfarin ár.

Verðlaunaafhending fór síðan fram fimmtudaginn 30. mars. Þar mættu tíu efstu í hverjum árgangi ásamt foreldrum sínum, stærðfræðikennurum og skólastjórnendum grunnskólanna. Allir sem voru boðaðir fengu viðurkenningarskjal en Íslandsbanki og Verkfræðistofa Suðurnesja gáfu verðlaunin

fyrir 1. - 3. sæti í hverjum árgangi. Verðlaun fyrir fyrsta sæti voru 20.000 kr., fyrir annað sætið 15.000 kr. og 10.000 kr. fyrir það þriðja. Að auki fengu þrír efstu í 10. bekk grafískan vasareikni frá Verkfræði-stofu Suðurnesja.

Okkar nemendur stóðu sig prýðisvel og voru sjö nemendur boðaðir á verðlaunaafhendinguna. Stefán Ingi Víðisson í 8. DG gerði sér lítið fyrir og sigraði keppni 8. bekkinga og Lovísa Gunnlaugsdóttir í 8. KP var í 6. - 12. sæti. Í keppni nemenda í 9. bekk hafnaði Birgitta Rós Ásgrímsdóttir 9. PE í 3. sæti og Elva Rut Björnsdóttir 9. PE í því fjórða. Þrír nemendur úr 10. bekk voru meðal þeirra 10 efstu. Bergur Daði Ágústsson lenti í 3. sæti og þau Svava Rún Sigurðardóttir og Þorvaldur Máni Danivalsson voru í 6. - 10. sæti. Hamingjuóskir fá þessir nemendur fyrir flottan árangur í þessari skemmtilegu keppni.



Gleðilega páska!

